

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/43

frá 9. febrúar 2012

um viðurkenningu á Úrúgvæ samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 619)

(2012/76/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 19. gr.,

með hliðsjón af beiðni frá Spáni 14. febrúar 2006,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að árita viðeigandi skirteini farmanna sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin), eins og henni var breytt 1995, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.
- 2) Beiðni um viðurkenningu á Úrúgvæ var lögð fram bréflaga, 13. maí 2005, af hálfu yfirvalda á Spáni. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þessarar beiðni, metið kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna í Úrúgvæ til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini. Matið var byggt á niðurstöðum skoðunar sérfræðinga á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu í júní 2007. Við þá skoðun komu í ljós tilteknir anmarkar á kerfum fyrir þjálfun og skirteinisútgáfu.
- 3) Framkvæmdastjórnin lét aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin fór fram á það bréflaga, 16. febrúar 2010 og 8. desember 2010, að Úrúgvæ legði fram sönnunargögn sem sýndu að ráðin hefði verið bót á annmörkunum sem komu í ljós.

- 5) Yfirvöld í Úrúgvæ létu í té umbeðnar upplýsingar bréflaga, 30. apríl 2009 og 18. mars 2011, ásamt sönnunargögnum að því er varðar framkvæmd viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til að ráða bót á flestum þeim annmörkunum sem komu í ljós við mat á reglufylgni.
- 6) Tveir ágallar standa enn eftir. Annar þeirra vísar til þess að gæðastaðlakerfið tekur ekki til sumra þátta í starfsemi stjórnvaldsins, s.s. samþykkis á þjálfunaráætlunum. Hinn anmarkinn tengist því á hvaða sniði skirteinin eru. Yfirvöld í Úrúgvæ hafa því verið hvött til að grípa til frekari aðgerða til úrbóta hvað þetta varðar. Þessir ágallar gefa þó ekki tilefni til efasemda um að kerfin í Úrúgvæ samrýmist almennt ákvæðum STCW-samþykktarinnar að því er varðar þjálfun og útgáfu skirteina farmanna.
- 7) Niðurstæða mats á reglufylgni yfirvalda í Úrúgvæ og mats á upplýsingum frá þeim sýnir að Úrúgvæ uppfyllir viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Úrúgvæ hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim KALLAS

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 8.11.2012, bls. 13.

(¹) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.